

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 5/2006

Úrskurður nr. 5/2006

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 5/2006 um tollverð bifreiðarinnar N, sem er af gerðinni GMC Jimmy, árgerð 2001.

I

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur mótttekið bréf innflytjanda, Þ, dags. 16. september 2005 og 27. mars 2006, er varðar beiðni um úrskurð tollstjórans í Reykjavík vegna innflutnings á bifreið N. Bifreiðin var flutt til landsins með sendingu E BRU 11 05 4 US NEN W128. Skráður eigandi bifreiðarinnar er J.

II

Málavextir eru þeir að þann 11. maí 2004 flutti innflyjandi til landsins ofangreinda bifreið frá Bandaríkjunum. Aðflutningsskýrsla ásamt fylgigögnum barst embættinu þann 4. júní 2004. Samkvæmt fylgigögnum er kaupverð bifreiðarinnar tilgreint að fjárhæð USD 7.067,58 og tollverð hennar ISK 603.472.

Með bréfi embættisins, dags. 21. júní 2004, var óskað eftir frekari skýringum og gögnum af hálfu innflytjanda til rökstuðnings á kaupverði bifreiðarinnar. Með bréfi, dags. 23. júní 2004, bárust embættinu skýringar af hálfu innflytjanda. Í áður nefndu bréfi rökstuddi innflytjandi hið lága kaupverð bifreiðarinnar með hliðsjón af því að fyrirtæki í Bandaríkjunum, Telephone Services Inc. of Florida, sem núverandi eigandi bifreiðarinnar J starfaði hjá, keypti bifreiðina til nota fyrir hann í starfi. Þegar J var að hætta störfum hjá fyrirtækinu var honum boðið að kaupa bifreiðina á góðum kjörum. Þá kom einnig fram í bréfinu að það væri einfaldara að selja starfsmanni fyrirtækisins bifreiðina þar sem það kostaði mun minna heldur en að selja bifreiðina t.d. á bílasölu. Texti bréfsins er á ensku og er rökstuðningurinn orðréttur sem hér segir:

„The GMC Jimmy was my personal company car for 2+ years prior to private purchase. As company Director for Emerson Corporation (TSI of Florida Inc.), I was eligible to exercise, and did exercise, my option as a departing executive manager to purchase my personal company vehicle at the existing amortized asset value on the company general ledger. The amortized company value of this asset was determined by an accounting algorithm used in determining corporate value according to GAP, relative to the EBIT/DA, without consideration to any retail, wholesale, or liquidated sum of the asset. To simplify, it cost the company less to sell me the asset for amortized ledger value rather than expending additional capital and resources to sell it externally through advertised retail sale or wholesale.”

Með bréfinu fylgdi samningur sem er undirritaður annars vegar af E, Controller, f.h. Telephone Services Inc. of Florida, og hins vegar af innflytjanda Þ og skráðum eiganda bifreiðarinnar J, sem er fyrrverandi starfsmaður áður nefnds fyrirtækis.

Í kjölfar skýringa innflytjanda sendi embætti tollstjórans í Reykjavík annað bréf, dags. 14. júlí 2004. Í bréfinu er vísað til reglu d-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum. Reglan kveður á um að tollverð innfluttrar vöru verði ekki lagt til grundvallar nema kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir háðir hvor öðrum þá verði viðskiptaverðið að vera nothæft í tollalegu tilliti. Þá var innflytjanda gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi það atriði hvort tengsl milli seljanda og kaupanda hafi haft áhrif á verðið. Embættinu bárust engar haldbærar skýringar af hálfu innflytjanda.

III

Þann 1. janúar 2006 tóku í gildi ný tollalög nr. 88/2005 sem leystu af hólmi tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 196. gr. laganna kemur fram að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 og taki til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra. Sending E BRU 11 05 4 US NEN W128, sem um ræðir í þessu máli, var tollafgreidd þann 10. september 2004. Af þessu leiðir að ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, hér eftir nefnd tollalög, gilda við úrlausn máls þessa.

Í 1. mgr. 8. gr. tollalaga er að finna meginreglu þess efnis að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu hennar til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiða má af ákvæðum 9. gr. laganna. Í 1. mgr. 8. gr. tollalaga er jafnframt kveðið á um skilyrði fyrir því að viðskiptaverð vöru sé lagt til grundvallar.

Í reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðum, með síðari breytingum, er nánar fjallað um tollverð vöru. Reglugerðin er sett með stoð í 2. mgr. 10. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995.

Í 2. gr. reglugerðarinnar er ofangreind meginregla 1. mgr. 8. gr. tollalaga nánar útfærð þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í a-e lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar koma fram skilyrði fyrir því að viðskiptaverð vöru verði lagt til grundvallar. Í e-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að viðskiptaverð verði lagt til grundvallar dragi tollstjóri ekki í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Hafi tollstjóri réttmæta ástæðu til þess að draga í efa sannleiksgildi upplýsinga er fram koma í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum um viðskiptaverð vöru, skal hann krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því, að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Dragi tollstjóri sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð vöru í efa þrátt fyrir að hafa fengið í hendur þau gögn og skýringar er fram koma í 7. gr. eða hafi þau ekki borist, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Líkt og fram kemur í hinni kærðu ákvörðun þá bárust embættinu skýringar af hálfu innflytjanda með bréfi, dags. 23. júní 2004.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 8. gr. tollalaga, sbr. d-liður 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar ef kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum eða ef þeir eru háðir hvor öðrum þá

verður viðskiptaverðið að vera nothæft í tollalegu tilliti. Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft í skilningi 2. gr. reglugerðarinnar skal kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Hafi tollstjóri ástæðu til að ætla, vegna upplýsinga frá innflytjanda eða af öðrum ástæðum, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skal hann koma athugasemdum sínum á framfæri við innflytjanda og skal honum gefið nægilegt færi til andsvara, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Líkt og áður hefur komið fram bærust embættinu engar haldbærar skýringar af hálfu innflytjanda varðandi tengsl milli kaupanda og seljanda.

Með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum og með vísan til fyrirbyggjandi gagna er það mat embættisins að ekki beri að leggja framlagðan reikning til grundvallar við ákvörðun tollverðs þar sem skýringar innflytjanda nægja ekki til þess að skýra hið lága kaupverð bifreiðarinnar. Þá telur embættið jafnframt að tengsl í skilningi d-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar hafi haft áhrif á verð umræddrar bifreiðar.

IV

Í IV. kafla reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum, er mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð vöru verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seld er eða flutt inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. - 14. gr. reglugerðarinnar.

Í samræmi við 10. gr. reglugerðarinnar hefur embættið, við innflutning notaðra bifreiða, gert könnun á því hvort sambærilegar bifreiðar (bifreiðar sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar) hafi verið fluttar inn á sama eða svipuðum tíma þ.e.a.s. í þeim tilvikum þegar embættið telur að ekki sé unnt að styðjast við framkomna reikninga. Innflutningur bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð var kannaður á tímabilinu maí 2004 – júlí 2004. Skoðun leiddi hins vegar í ljós að ekki reyndist unnt að nota umræddar bifreiðar til samanburðar við þá bifreið sem mál þetta varðar. Af þessu leiðir að embætti tollstjórans í Reykjavík telur, í þessu tilviki, ekki unnt að beita ákvæðum 10. – 14. gr. reglugerðarinnar.

V

Í V. kafla reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 17. gr. reglugerðarinnar kemur fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess, eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum, saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Tollstjóra ber að athuga hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverð sambærilegra ökutækja erlendis.

Í 18. gr. sömu reglugerðar kemur fram að gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Í 19. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ríkistollstjóri skuli safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þessum. Embætti ríkistollstjóra var lagt niður með lögum nr. 155/2000, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, og tók tollstjórinn í Reykjavík við hlutverki því sem 19. gr. reglugerðarinnar fjallar um.

Við verðmætamat bifreiðarinnar, sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, hefur tollstjórinn í Reykjavík stuðst við upplýsingar sem fram koma í The Automobile Red Book til viðmiðunar, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar, en rit þetta er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Innflutta bifreiðin sem um ræðir í máli þessu er af gerðinni GMC Jimmy, árg. 2001. Samkvæmt framlögðum reikning er kaupverð bifreiðarinnar USD 7.067,58. Viðmiðunarverð á GMC Jimmy, árg. 2001 samkvæmt The Automobile Red Book 1. apríl 2004 – 14. maí 2004, er USD 14.375,00. Samkvæmt framansögðu er viðmiðunarverð í The Automobile Red Book verulega hærra en það kaupverð sem tilgreint er í framlögðum gögnum. Kaupverð bifreiðarinnar viku 50% frá því viðmiðunarverði sem fram kemur í The Automobile Red book sem embættið styðst við. Þar sem frávík eru umtalsverð miðað við meðalverð í The Automobile Red Book þá verða skýringar að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar, sbr. úrskurður ríkistollanefndar nr. 9/2005. Úrskurðir Ríkistollanefndar eru aðgengilegir hjá nefndinni sjálfri, en hún er til húsa að Skúlagötu 57, 150 Reykjavík.

VI

Embætti tollstjórans í Reykjavík telur að ekki beri að leggja framlagðan reikning til grundvallar við ákvörðun tollverðs með hliðsjón af því að framkomnar skýringar innflytjanda nægja ekki til þess að skýra hið lága kaupverð bifreiðarinnar. Við útreikning tollverðs bifreiðarinnar reyndist ekki unnt að beita ákvæðum 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að viðskiptaverð bifreiðarinnar er verulega lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða. Þá telur embættið að tengsl séu á milli kaupanda og seljanda bifreiðarinnar í skilningi d-liðar 1. mgr. 8. gr. tollalaga, sbr. d-liður 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum. Með hliðsjón af framansögðu er það mat embættisins að tollverð bifreiðar N fari eftir ákvæðum 20. og 21. gr. reglugerðarinnar og reiknast tollverð hennar ISK 1.416.418.

Úrskurðarorð:

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun tollstjórans í Reykjavík um tollverð bifreiðar með fastanúmer N, er staðfest.

Úrskurður þessi er kæránlegur til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, 150 Reykjavík og er kærufrestur 60 dagar frá póstlagningu úrskurðar, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Reykjavík, 22. ágúst 2006.